

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F2/2025

Reykjavík, 17. janúar 2025

Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Hinn 12. janúar sl. birtist frétt á vefsíðu RÚV, www.ruv.is, þar sem fram kom að konur í áhættuhópi fyrir brjóstakrabbameini og konur sem áður hafa fengið brjóstakrabbamein fái ekki sömu niðurgreiðslu á brjóstaskimun og aðrar konur. Hefðbundið komugjald fyrir brjóstaskimun hafi í október í fyrra lækkað úr sex þúsund krónum niður í fimm hundruð krónur. Umræddur hópur kvenna þurfi hins vegar að greiða 12 þúsund krónur fyrir skimun. Samkvæmt fréttinni upplýsti yfirlæknir Brjóstamiðstöðvar Landspítala að niðurgreiðsla fyrir þennan hóp hafi verið í skoðun hjá heilbrigðisráðuneytinu á sama tíma og niðurgreiðsla komugjalds hefðbundinna brjóstaskimana. Hún segist ekki vita af hverju þessi hópur hafi verið undanskilinn niðurgreiðslu.

Svo umboðsmanni sé unnt að meta hvort tilefni sé til að skoða málið nánar á grundvelli frumkvæðisheimildar hennar, er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að heilbrigðisráðuneytið upplýsi umboðsmann nánar um fyrirkomulag niðurgreiðslu á brjóstaskimunum almennt. Þá er jafnframt óskað upplýsinga um þá skoðun í heilbrigðisráðuneytinu sem yfirlæknir Brjóstamiðstöðvarinnar vísar til í fréttinni og hvaða forsendur liggja þeirri ákvörðun til grundvallar að niðurgreiða ekki brjóstaskimun kvenna í áhættuhópi að sama marki og brjóstaskimun annarra kvenna.

Þess er óskað að svör og eftir atvikum gögn sem varpa ljósi á framangreind atriði berist ekki síðar en 31. janúar nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT